

Staðfestingardagur 18. desember 2024

Ágætu nemendur

Umsjónarkennarar eru til taks milli kl. 10 og 11 í [stofum sem eru auglýstar á heimasíðunni](#). **Nýnemar** haustannar eru sérstaklega hvattir til að mæta, þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þið eruð að staðfesta valið ykkar.

Þið eruð öll hvött til að koma ef þið þurfið leiðbeiningar um valið eða hafið spurningar varðandi námið á næstu önn. Námstjórar, áfangastjóri og konrektor eru einnig ykkur til aðstoðar. Endilega nýtið ykkur þetta ef eitthvað er óljóst.

Prófsýning er milli 11:15 og 12:15 í [stofum sem auglýstar eru á heimasíðunni](#). Við hvetjum ykkur til að koma og skoða prófin, þar sem þetta er eina tækifærið til þess.

Staðfesting á vali þarf að vera lokið fyrir kl. 14:00 þennan dag og er það gert í Innu á sama stað og valið er gert.

Rafrænar umsóknir um [P-áfangar](#) eru gerðar á heimasíðunni og þarf að gera í síðasta lagi fyrir kl. 14 á staðfestingardeg.

Nú þegar er ljóst að eftirfarandi áfangar falla niður í vali vorannar. Þið hafið tækifæri til að breyta valinu á þessum degi ef áfangi sem þið völduð féll niður. [Áfangaframboð vorannar](#) er á heimasíðunni.

Þessir áfangar falla niður:

EÐLI4CV05, EFNA3DA05, FÉLA3CS05, FRAN1CC05, HEIM2BF05, ÍSLE2BT05, ÍSLE3CF05, JARÐ3CS05, LÍKA2BÞ01, MYNL3BM05, SPÆN2EE05, TÖLV1AS05, UPPE2AB05, ÞJÓÐ2BR05

Skólagjöld hafa verið lögð á og eru í heimabanka ykkar eða foreldra/forsjáraðila og þarf að greiða fyrir 20. desember.

Kv stjórnendur